



Fjárhagsáætlun 2024-2028

Til: Formanna fagráða, sviðsstjóra og borgarritara

Efni: Skil á gögnum vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar 2024-2028

Með vísun í Tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar 2024-2028 dags. 26. janúar 2023, er gert ráð fyrir eftirfarandi skilum gagna:

- **Skil fagsviða á rýningu á skuldbindingum og mati á helstu áhættum í rekstri sviðsins:** Sviðsstjórar skila til FAS greinargerð, rökstuðningi, kostnaðarmati og jafnréttisskimun á skuldbindingum utan fjárheimilda, breytingum á magntölum þar sem við á og mati á helstu áhættum í rekstri sviðsins.
- **Skil á áætlun vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar:** Sviðsstjórar skili sundurliðaðri áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.
- **Lykiltölur og mælikvarðar:** Sviðsstjórar skila til FAS lykiltölum og árangursmælikvörðum sviðsins vegna forgangsröðunar, reglubundins eftirlits og árangurmats.

Skilafrestur á ofangreindum gögnum er þann **15. apríl** nk. Meðfylgjandi eru skjalalón vegna skila á gögnum en innihald þeirra taka mið af eftirfarandi lýsingu.

1. Rýning á skuldbindingum og mati á helstu áhættum í rekstri sviðsins

- a. Fagsviðið leggi fram yfirlit yfir skuldbindingar sviðsins sem eru óhjákvæmilegar og munu hafa áhrif á fjárför þess. Hér er átt við skuldbindandi áhrif hvort sem er til hækkunar að lækkunar.**

Í því felst að lagt verði fram kostnaðarmat vegna hækkunar eða lækkunar á lögbundnum og/eða samningsbundnum skuldbindingum í málaflokknum og áhættumat á þeim. Ef um er að ræða fjölgun á t.d. börnum (notendum) í viðkomandi þjónustuúrræði, þurfa að fylgja með greinargóðir útreikningar, sem fela í sér greiningu á fjölda, breytilegum einingakostnaði og föstum kostnaði. Ef um fastan samning er að ræða skal vísað í hann. Ef um er að ræða skuldbindingu sem hefur verið

samþykkt í borgarráði þá skal vísa í samþykktina. Hér þarf jafnframt að skýra frá lækkun útgjalda vegna áætlaðrar fækkunar þjónustubega, samningum sem eru að renna út og verkefnum sem augljóst er að ekki þurfi að fjármagna áfram.

Sérstaklega er bent á að það er á ábyrgð hvers fagráðs að ákveða forgangs röðun á sínu sviði og skapa svigrúm fyrir ný eða breytt verkefni innan gildandi fjárhagsramma. Mikilvægt er að skuldbindingar endurspegli aðeins liði sem óhjákvæmilegt er að komast hjá og erfitt sé að mæta með breyttri forgangs röðun innan sviðs.

Mikilvægt er að tillögunum fylgi rökstuðningur þar sem kemur fram hvernig verkefnið styður við stefnumörkun og helstu áherslur borgarstjórnar í málaflokknum. Þá skal tilgreina hvaða markmið er verið að uppfylla og hvaða mælikvarðar eru notaðir til að meta árangurinn.

Útreikningar fylgi í sér flípa fyrir hvern lið í meðfylgjandi excel skjali „Skuldbindingar og áhættur í rekstri 2024-2028“ eða í sérstökum excel-skjölum sem fylgi með ef um viðamikla útreikninga er að ræða. **Mikilvægt er að útreikningar séu settar fram þannig að unnt sé að rekja með skýrum hætti forsendur útreikninga.**

b. Sviðið skýri frá og leggi mat á helstu áhættur í rekstri sviðsins.

Í því felst að greint verði frá óvissu sem uppi er eða ætla má að geti komið upp vegna einstakra þjónustuliða og hafi með þeim hætti áhrif á rekstur sviðsins. Sviðið leggi mat á hvaða fjárhæðir geti verið í húfi í því sambandi og útreikninga því til stuðnings.

Til athugunar varðandi liði a) og b):

Mikilvægt er að rétt skapalón sé notað og að það sé fyllt út í samræmi við leiðbeiningar sem fylgja með í skjalinu. Útreikningar þurfa að vera greinargóðir og þannig að hægt sé að rekja með skýrum hætti allar forsendur. Hægt er að hafa samband við áætlunar- og uppgjörsskrifstofu FAS kjósi svið að fá yfirferð yfir skapalónið eða frekari skýringar á útfyllingu þess.

2. Áætlun um greiningu þjónustubátta og framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar

Sviðsstjórar útfæri áætlun sviðsins um greiningar, framkvæmd og eftirlit kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

Sviðsstjórum er falið að rýna fyrirbyggjandi greiningar með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar og nýti þær við undirbúning tillagna um ráðstöfun fjármuna.

Gert er ráð fyrir að allar tillögur fagsviða/skrifstofa vegna rekstrar og fjárfestinga sem fela í sér ný verkefni eða breytingar á verkefnum og kalla á breytingar á fjárheimildum, verði jafnréttisskimaðar. Unnið er að rafvæðingu jafnréttisskimunar og tilkynnt verður um breytt verklag um leið og það liggur fyrir. Greiningu þjónustubátta og framkvæmd kynjaðrar fjárhagsáætlunar skal senda til verkefnastýru KFS, á netfangið: Sigrídur.Finnbogadottir@reykjavik.is

3. Skil á lykiltölum og mælikvörðum

Sviðsstjórar taki saman yfirlit yfir helstu lykiltölur og mælikvarða sviðsins og þróun þeirra yfir síðustu fimm ár. Yfirlitinu fylgi spá um áætlaða þróun fyrir áætlunartímabilið hafi gögnin áhrif á forgangsroðun fjárheimilda til lengri tíma litið.

4. Fjárfestingaáætlun

Samhliða þeirri vinnu sem hér hefur verið fjallað um hefur skrifstofa eigna hafið vinnu við fjárfestingaáætlun í samræmi við reglur þ.a.l. og felur í sér þarfagreiningu vegna þjónustu borgarinnar, greiningu á valkostum og mati á hagkvæmni þeirra.

Vísað er á Óla Jón Hertervig skrifstofustjóra eignaskrifstofu varðandi frekari upplýsingar um vinnslu fjárfestingaáætlunar.

Hikið ekki við að hafa samband ef spurningar vakna og minnt er á að skilafrestur á gögnum er þann **15. apríl** nk. til fjármála- og áhættustýringarsviðs.



Halldóra Káradóttir,
sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.



Erik T. S. Bjarnason,
skrifstofustjóri áætlunar- og uppgjörsskrifstofu.

Hjálagt:

Skapalón fyrir skuldbindingar og áhættur í rekstri 2024-2028.

Skapalón fyrir jafnréttisskimun fyrir skuldbindingar og áhættur í rekstri 2024-2028.

Skapalón fyrir greiningar, framkvæmd og eftirlit KFS

Reglur um gerð fjárhagsáætlunar, dags. 13. mars. 2019.

Tíma- og verkáætlun fjárhagsáætlunar 2024-2028.

Tíma- og verkáætlun stýrihóps KFS.

Afrit:

Borgarstjóri

Formaður borgarráðs

Formenn fagráða

Fjármálastjórar fagsviða

Skrifstofustjórar Ráðhúss